

REGLUGERÐ

um eyðingu svartbaks með fenemali.

1. gr.

Umráðendum friðlýsts æðarvarps skal heimilt að nota fenemal (phenemalum) til eyðingar svartbaki í varplöndum á tímabilinu frá 15. maí til 1. júlí árin 1969 og 1970.

2. gr.

Fenemal skal látið í egg um gat, sem gera skal á hlið þess. Í hvert egg skal láta einn skammt af efninu, og skal því hrært saman við innihald eggisins, t. d. með fjöðurstaf.

Mönnum ber að forðast að láta efnið koma við sig, en fari svo, skulu þeir þvo sér vandlega á eftir.

Stranglega er bannað að setja fenemal í annað en egg.

3. gr.

Egg, sem fenemal hefur verið sett í, skulu lögð í varplönd, þar sem svartbaks er helzt von, og snúi rofna hliðin upp. Svartbak eða aðra fugla (hraf, kjóa), sem kunna að drepast af áti slíkra eggja, skal grafa tafarlaust, þar sem þeir finnast, og varast ber að snerta þá berum höndum.

4. gr.

Staðir þeir, þar sem eggjum, sem fenemal hefur verið sett í, er komið fyrir, skulu vel auðkenndir svo að þeim, er um þá kunna að eiga leið, verði augljóst, að þar er von slíkra eggja, svo og fugla, sem drepizt hafa af áti þeirra. Sérstaklega skal þess gætt, að fólki, sem hirðir æðarvarp, sé kunnugt, hvar slíkum eggjum hefur verið komið fyrir.

5. gr.

Útlát fenemals til eyðingar svartbaki (sbr. 1. gr.) annast Lyfjaverzlun ríkisins gegn skriflegri beiðni umráðamanns æðarvarps, og skal beiðninni fylgja vottorð frá hlutaðeigandi sýslumanni um að leyfisbeiðandi sé eigandi eða umráðamaður friðlýsts æðarvarps.

Mönnum ber að gæta sérstakrar varúðar um meðferð fenemalsins, því að það er hættulegt mönnum og dýrum.

Fenemal skal afgreitt í skömmtum, 2 g í hverjum skammti. Hver eigandi eða umráðamaður æðarvarps skal eiga þess kost að fá allt að 100 skammta af fenemali á ári hverju.

6. gr.

Brot gegn ákvæðum reglugerðar þessarar varða sektum frá 2500—25 000 krónum.

7. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 25. gr. laga nr. 33/1966. Öðlast hún þegar gildi og gildir til 1. júlí 1970 og birtist hér með til leiðbeiningar öllum þeim, er hlut eiga að máli.

Menntamálaráðuneytið, 5. maí 1969.

Gylfi Þ. Gíslason.

Birgir Thorlacius.

12. maí 1969.

Nr. 48.

AUGLÝSING

um bann við sölu lyfs.

Samkvæmt heimild í 3. gr. b-lið lyfsörlulaga nr. 30 29. apríl 1963, og að fengnum tillögum landlæknis, er hér með frá og með 1. júní 1969 bönnuð hvers konar sala og afhending á lyfinu Phenmetralinum NFN og samsetningum þess.

Birtist þetta hér með til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 12. maí 1969.

F. h. r.

Baldur Möller.

Jón Thors.

16. maí 1969.

Nr. 49.

REGLUGERÐ

**um breyting á reglugerð um búnað og rekstur lyfjabúða
nr. 151 22. marz 1968.**

1. gr.

Aftan við 22. gr. reglugerðarinnar komi nýr liður, er verði k-liður svo hljóðandi:
k. Lyfsala er heimilt að selja öðrum lyfsala lyf og lyfjaefni, ef um er að ræða takmarkað magn tiltekinna lyfja eða efna, þegar sérstaklega stendur á, t. d. svo að afgreiða megi lyfseðil.

2. gr.

23. gr., a-liður orðist svo:

Hreinsuð eða hrein lyfjailát skulu geymd þannig, að þau óhreinkist ekki. Glös og önnur ilát skulu þurrkuð að þvotti loknum og síðan geymd í rykþéttum geymslum. Óheimilt er að nota undir lyf ilát frá neytendum, önnur en glerilát lyfjabúða, lyfjagerða og lyfjaheildsala, og skal þá hreinsa og sæfa ílátin, áður en notuð eru,